



3. tbl. 17. árg.

S. 581 15 15

3 staðir 1 símanúmer

Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6

OPIÐ

ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

HÖFUM OPNAÐ HEILSUHÖF
V/ SUÐURSTRÖND 10 (GAMLI SKARI)

Virka daga: 9 - 18
Laugardagar: 10 - 16

sjá nánar á www.facebook.com/Systrasamlagið

**Slökkvitækja-
þjónustan**

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!

- bls. 8

Reykjavíkurapótek

5 ára

Myndhöggvarinn Steinunn Þórarinsdóttir með sýningu í Kanada í sumar

Steinunn Þórarinsdóttir myndhöggvari er Vesturbæingur, en er með vinnustofu á Sólvallargötunni. Hún hefur starfað við list sína undanfarin 35 ár. Hún sýnir og starfa víða um heim og er nú um stundir með tvær farandsýningar í Bandaríkjunum. Önnur þeirra, Borders, er í Chicago í Bandaríkjunum og hin heitir Horizons og er núna í Birmingham Museum of Art. Sú sýning opnar í Orlando Museum of Art í júlí á þessu ári. Verk eftir Steinunni eru víða á opinberum vettvangi á Íslandi, t.d. í Reykjavík við Höfuðborgarstofu á Vesturgötu, í Bankastræti, Við Landakotskirkju, við göngustíginn á Ægissíðu, 101 Hótel og Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Steinunn Þórarinsdóttir segir að sýningin sem er í undirbúningi í Kanada verði sett upp á alveg einstökum og fögrum stað þar í landi, nærri stórrí vínkru nálægt Vancouver sem heitir Mission Hill Family Estate. Mission Hill er í Okanagan Valley en dalurinn er sams konar svæði og Napa Valley er í Bandaríkjunum.

„Eigandi vínkrunnar er þekktur listaverkasafnari, Anthony Von Mandl, en sýningin mun opna í maí á þessu ári og henni lýkur í október. Vínkran er gæluverkefni Anthonys og er orðin þekktasta vínkran í Okanagan Valley. Þetta er risaverkefni því svæðið er mjög stórt en um 50 listaverk verða send út núna í vikunni frá vinnu-



Steinunn á vinnustofu sinni við eitt listaverkanna sem er að fara á sýningu til Kanada.

stofunni á Sólvallargötunni. Það vill svo skemmtilega til að Flugleiðir eru einmitt að hefja beint flug til Vancouver í maí þannig Íslendingar gætu skellt sér á sýninguna! Þangað er 3 klukkutíma keyrsla eða hálf tíma flug frá Vancouver.“

Vinnustofan á góðum stað

„Vinnustofan mín er á góðum stað í Vesturbænum en þarna hef ég unnið í 32 ár. Svo er stutt að fara í vinnuna en ég bý á Bráðræðisholtinu. Hún hefur tekið breytingum því ég stækkaði hana um helming fyrir um 10

árum þegar ég tengdi saman tvö bakhús, annað við Framnesveg 31 og hitt við Sólvallagötu 70. Þannig er hún eiginlega staðsett við tvær götur í Vesturbænum en það getur ruglað fólk í ríminu stundum. Bakhúsið að Framnesvegi á sér merka sögu en það er fyrsta bílaverkstæði á landinu og var byggt af Steindóri Einarsyni, bíla og leigubílakóngi. Vesturbæingar eru velkomnir í heimsókn samkvæmt samkomulagi en verk mín er einnig hægt að sjá í Gallerí Tveir Hrafnar við Baldursgötu,“ segir listamaðurinn Steinunn Þórarinsdóttir.

**PANTAFU
Á NETINU**

www.dominos.is sími 58 12345

**Glæsilegur heimilismatur
alla daga frá 10.30 til 20.00**

ALLTAF NÆG, FRÍ BÍLASTÆÐI

FLJÓTT & GOTT UMFERÐAMIÐTÖÐIN
www.fljottoggott.is

Ægisíða 121
Sími 551 1717

Opið alla virka daga
frá kl. 10 – 17.30.

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Melabúðin
Þín verslan

Sími 551-0224

TILBOÐ

Lambalæri

Gildir fimmtudag – sunnudags
20.-23. mars, á meðan birgðir endast

Aðeins kr 998 kg

Jarðarber kr 298 askjan

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 170 Seltjarnarnes • Pósthólf 172
Ritstjóri: Geir A. Guðsteinsson, Sími 564 5933, 898 5933
Netfang: geirgudsteinsson@simnet.is
Auglýsingasími: 511 1188 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Morgunblaðið
3. tbl. 17. árgangur
Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósnúmerum 107 og 101.

ESB-viðræður og traust þjóðarinnar á ríkisstjórninni

Ríkisstjórnin nýtur ekki mikillar virðingar nú. Þeir stjórnarþingmenn sem kosnir voru til þingsetu vorið 2013 lýstu því allflestir yfir að nú ætti að snúa blaðinu við, nú ætti heimilin að verða í forgangi. Frægur fundur forystumanna ríkisstjórnarinnar, þeirra Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar og Bjarna Benediktssonar í Hörpu þar sem m.a. lánamál þeirra sem verst eru settir væru tekin til gaumgæfilegrar athugunar, gerði það að verkum að nú hugsuðu margir, jæja, nú á loks að vinna að velferð almennings í landinu. Síðan hefur reyndar lítið heyrst, en kannski er verið að vinna baki brotnu á lausn málsins í reykfylltum bakherbergjum. Eigum við ekki bara að trúa öllu fögru og trúa því að svo sé. Virðingarleysið við ríkisstjórnina er ekki síst Sjálfstæðisflokknum að kenna. Fyrir síðustu kosningar gaf flokkurinn út að þjóðin ætti að ráða ferð hvort halda ætti áfram viðræðum við ESB eða stöðva þær. Lögð var áhersla á að svona ætti að standa að málum, sem sagt þjóðin fengi að ráða framhaldinu enda sagði formaður Sjálfstæðisflokksins að vilji væri til þess að opna fyrir þjóðar- atkvæðagreiðslu á fyrri hluta kjörtímabilsins. Þetta voru skýr kosningaloforð. Helmingur fyrri hluta kjörtímabilsins er liðinn, en þá stígur utanríkisráðherra, sem reyndar kemur úr röðum Framsóknarmanna, fram með frumvarp þar sem slíta á samningaviðræðunum við ESB. Mótmæli á Austurvelli sýna ljóslega hvað stór hluti kjósenda vill í þessu máli. Staðreyndin er sú að það verður aldrei friður um ESB-aðild ef við sauðsvartur almúginn fáum ekki að kjósa um samning. Skoðanakannanir sýna að hann verði sennilega ekki samþykktur, að það sé afdráttarlaus vilji þjóðarinnar í dag, og þá þarf ekki að fjasa lengur um það. Bændasamtökin og mikill meirihluti bænda er mótfallinn aðild en mörg samtök í atvinnulífinu krefjast þess að þjóðin fái að greiða atkvæði um samning. Af hverju óttast stjórnvöld svo mjög slíka atkvæðagreiðslu og þá niðurstöðu hennar? Gott væri að fá afdráttarlaust svar við því.

Það mætti stundum halda að það væri þjóðaríþrótt að þvarga um allt mögulegt. Árum saman er búið að rífast um tilvist Reykjavíkurlflugvallar sem er mikilvægur fyrir landsbyggðina hvað sem formaður borgarráðs segir, en nú flýtir meirihluti borgarstjórnar sér að skipuleggja byggingarsvæði í Vatnsmýrinni á síðustu vikum valdatíma hennar.

Það er öllu rólegra yfir öllu mannlífi í Vesturbænum, þessu hverfi sem nýtur þess heiðurs að engum íbúum Reykjavíkur þykir eins vænt um hverfið sitt. Það er hins vegar heldur ekki gott ef bíða á sveitarstjórnarkosninga og gera allt á næsta kjörtímabili, enda eru kannski ekki fjármunir til að gera mikið, hvað svo sem niðurstöðum úr kosningum úr Betra hverfi líður. Fjárhagur sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er að batna, skuldir flestra þeirra eru undir 150% af ráðstöfunartekjum sveitarfélaganna, sem er viðmið Sambands íslenskra sveitarfélaga. Samkvæmt því teljast þau sveitarfélög sem ekki ná því viðmiði ekki bjargálna. Framboðslistar til borgarstjórnar Reykjavíkur hafa sumir birst og aðrir eru taldir vera í farvatninu. Kannski verða sameiginlegir framboðsfundir haldnir og þá hljóta framþjóðendur að bítaast um eitthvað til að ná athygli kjósenda. Það getur sannast sagna verið hin skemmtilegasta kvöldskemmtun. Bíðum bara spennt.

Geir A. Guðsteinsson ritstjóri

S T U T T A R B O R G A R F R É T T I R

Fellt að fá borgarstjóra á fund um Hofsvallagötu

Á fund Hverfisráðs Vesturbæjar 13. mars sl. kom Ólafur Bjarnason samgöngustjóri Reykjavíkurborgar kom og kynnti fyrirhugaðan vinnufund fyrir íbúa vegna Hofsvallagötu en það er Umhverfis- og samgöngusvið sem boðaði til fundarins sem fram fór sl. þriðjudag. Á fundinum höfðu íbúar tækifæri á að koma með tillögur um það hvernig þeir vildu sjá að Hofsvallagatan muni líta út eftir fyrirhugaðar framkvæmdir. Sjálfstæðismenn í Hverfisráði óskuðu eftir að borgarstjóri, formaður borgarráðs og formaður umverfis- og skipulagsráðs mættu á fund um framtíð Hofsvallagötu en það var fellt af fulltrúum Samfylkingarinnar og Besta flokksins.

Vesturbæjarbiskupinn og hjóladagur

Vesturbæjarbiskupinn- skákmót. Íþrótt- og tólmstundaráðgjafi Vesturgarðs upplýsti um stöðu mála hvað þetta varðar þetta skákmót á fundi Hverfisráðs Vesturbæjar en fyrirhugað er að vera með skákmót 9. maí í Hagaskóla. Mikil ánægja var meðal fundarmanna um þetta verkefni. Hjóladagur Vesturbæjar: Íþrótt- og tólmstundaráðgjafi Vesturgarðs upplýsti um stöðu mála hvað varðar hjóladag Vesturbæjar og tilkynnti að samstarf yrði við Íslenska Fjallahólaklúbbinn hvað þetta verkefni varðar, en fyrirhugað er að halda hjóladaginn 3. maí nk.

Auðvelda á fólki að hefja nám að nýju

Menntun núna er tilrauna- verkefni menntamálaráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og aðila vinnumarkaðarins. Meginmarkmið verkefnisins er að auðvelda fólki á aldrinum 18-54 ára, sem ekki hefur lokið námi á framhaldsskólastigi að hefja nám að nýju og að styrkja aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi. Verkefnið er staðsett í Gerðubergi, þar sem ætlunin er m.a. að bjóða upp á náms- og starfsráðgjöf, fjárhags- og félagsráðgjöf og ráðgjöf varðandi stöðupróf í íslensku og umsókn um ríkisborgararétt. Einnig er boðið upp á raunfærnimat og mat á námi og starfsreynslu til styttingar framhaldsskólánáms. Verkefnið mun njóta góðs af þeirri aðstöðu, félags- og menningarstarfi sem er til staðar í Gerðubergi auk þess að byggja á þekkingu og reynslu samstarfsaðila í verkefnisstjórn. Menntamálaráðuneytið ásamt átaksverkefni stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins „Nám er vinnandi vegur“ styrkja verkefnið.

Ungmennaráð mega sitja fundi Hverfisráða

Á fundi Hverfisráðs Vesturbæjar var lagt fram bréf frá Helgu Björg Laxdal þess efnis að Ungmennaráð í hverfum borgarinnar hefðu rétt til að sitja fundi Hverfisráða. Þess má geta að Ungmennaráð Vesturbæjar hefur setið fundi ráðsins og hvetur Hverfisráð ungmenni í Vesturbæ

til að koma og sitja fundi ráðsins sem er haldinn annan fimmtudag í mánuði kl. 12.00 í Vesturgarði.

Styrkur til SAMFOKS

Óskað hefur verið eftir styrk frá Hverfisráði Vesturbæjar frá SAM- FOK ásamt niðurstöðum frá fundi sem þau voru með í Hagaskóla. Samþykkt var að veita SAMFOK styrk þann sem óskað var eftir að upphæð 40.000 krónur.

Hvetja á börn af erlendum uppruna til íþróttastarfs

Íþrótt- og tólmstundaráð Reykjavíkur hefur samþykkt að íþróttafélögum í Reykjavík verði að nýju gefinn kostur á að kynna starfsemi sína í grunnskólum borgarinnar. Efnt verði til átaks í því skyni að hvetja börn og unglinga af erlendum uppruna til þátttöku til íþrótt- og æskulýðsstarfi. Meðal annars fái íþróttafélög aðstoð borgarinnar til að kynna starfsemi sína í ákveðnum grunnskólum á fleiri tungumálum en íslensku og með aðstoð túlka þar sem því verður við komið; t.d. með sérstökum kynningarfundum fyrir foreldra og nemendur að hausti. Samþykkt var að vísa tillögunni til mannréttindaráðs en fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá.

Málsmeðferð vísað til umsagnar Hverfisráðs Miðborgar

Á fundi borgaráðs fyrir skömu var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar um endurskoðun á málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitinga- og gististaði. Samþykkt var að vísa reglunum til umsagnar umhverfis- og skipulagsráðs, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Miðborgarinnar okkar, Samtaka kráareigenda, Hverfisráðs Miðborgar og til yfirferðar borgarlögmans.

Fallið frá hreinsun Tjarnarinnar

Lögð var nýlega fram á fundi umhverfis- og skipulagsráðs fjórða efsta hugmynd desembermánaðar úr flokknum umhverfi „hreinsa tjörnina“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. desember 2013 ásamt samantekt af umræðum og rökum. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs. Tillagan var felld með vísan til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs. Einnig var felld tillaga um „hunda og fjölskyldugarð í

miðbæinn“ sem tekin var af samráðsvefnum Betri Reykjavík.

Svanur og Diddú í Hörpunni

Lúðrasveitin Svanur og Diddú munu leiða saman hesta sína og flytja í sameiningu nokkur óperuverk í Norðurljóssasal Hörpu þann 6. apríl nk. Á efmisskránni er að finna m.a. forleik að Tófraflautunni og ariú næturdrottningarinnar einnig úr Tófraflautunni.

Gistiheimili í Naustinu

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs var lögð fram fyrirspurn THG arkitekta f.h. Kirkjuhvols um hvort leyft verði að fá að reka gistiheimili í húsunum á lóð nr. 6-10 við Vesturgötu ásamt veitingarekstri í kjallara. Einnig er lögð fram greinargerð hönnuða dags. 4. febrúar 2014 ásamt uppdráttum dags. 4. febrúar 2014. Einnig var lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa.

Sótt um leyfi fyrir ósamþykktari íbúð

Á afgreiðslufundi byggingafulltrúa Reykjavíkurborgar var lögð fram fyrirspurn frá Stefáni Sturlu Stefánssyni Garðastræti 14 um hvort samþykki fengist fyrir íbúð sem skráð er „samþykkt íbúð“ í kjallara hússins á lóðinni nr. 14 við Garðastræti. Afsalsbréf dags. 26. ágúst 2009 fylgdi erindinu. Afgreiðslu var frestað.

Hvatningaverðlaun

Auglýst hefur verið eftir tilnefningum til hvatningaverðlauna Reykjavíkurborgar en umsóknarfrestur rennir út 28. mars nk. en verðlaunin sjálf verða afhent við hátíðlega athöfn í maí. Níu verkefni sem þykja til eftirbreytni og öðrum hvatning til góðra verka verða verðlaunuð. Hvatningarverðlaunin eru í formi viðurkenningskjalts og verðlaunagrips sem starfsstaðurinn fær til eignar. Viltu vekja athygli á gróskumiklu leikskóla-, grunnskóla eða frístundastarfi á vegum Reykjavíkurborgar? Veistu af metnaðarfullu þróunarverkefni, skemmtilegum tilraunum eða annarri nýbreytni í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar? Viltu veita starfsfólki skóla- og frístundastarfs í Reykjavík viðurkenningu og hvatningu?

Vesturbæingar



- Vesturbæingar mega vera stoltir af starfinu í Frostaskjólí -

Á hjálparlinanum 1717 starfa sérþjálfar gjaftekið sem eru aðfall til taíls



Líður þér illa í hjartanu?


1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

FRÁBÆR HELGARTILBOÐ Í NETTÓ GRANDA



nettó24
GRANDA



Verið velkomin í Nettó Granda
DAG SEM NÓTT

Tilboðin gilda 20. -23. mars 2014

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Halldór Halldórsson formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga leiðir lista Sjálfstæðismanna við borgarstjórnarkosningarnar í Reykjavík á komandi vori. Halldór er gjörkunnugur sveitarstjórnarmálum. Fyrstu afskipti hans af pólitík og málefnum sveitarfélaga voru þegar hann bjó um tíma í Grindavík og sat í bæjarstjórn Grindavíkurbæjar á árunum 1994 til 1996. Hann flutti til Ísafjarðar og hélt áfram að starfa að sveitarstjórnarmálum, fyrst sem framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga og síðan sem bæjarstjóri á Ísafirði. Hann hefur einnig unnið mikið að málefnum sveitarfélaganna á landsvísu, einkum sem formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga frá árinu 2006. Halldór ræddi við Vesturbæjarblaðið á dögnum.

Halldór var fyrst inntur eftir því hvað hann teldi brýnast í málefnum Reykjavíkurborgar á næstu áru. Hann segir að stóru verkefnin í málum borgarinnar á komandi árum verði húsnæðismál og skólamál. „Við þurfum að gera nokkuð róttækar breytingar til að hagkvæmara verði að byggja litlar íbúðir. Breyta þarf lóðagjöldum vegna þess að núverandi gjaldskrá er miðuð við fast verð á íbúð sem leiðir til þess að hagkvæmni vantar til þess að byggja grænni íbúðir. Ef gjaldskránni yrði breytt í fermetragjald myndi þessi hagkvæmni skapast. Lóðaverðið er einnig orðið of hátt. Það er 17% af byggingakostnaði í dag en var 4% fyrir 15 árum. Ástæða þess að lóðaverð hefur hækkað svo á undanförunum árum má einkum rekja rekja til skorts á lóðum. Við því þarf að bregðast með því að auka lóðaframboð vegna þess að það ræður mestu um verðið.“

Purfum að virkja einkaaðila

Halldór segir lóðaverð ekki það

Stóru verkefnin verða á sviði húsnæðis- og skólamála

eina sem huga þurfi að í sambandi við húsnæðismálin. Einnig þurfi að ganga með opnum huga til nýrra hugmynda á húsnæðismarkaði. „Við þurfum að vera opin fyrir nýrri hugmyndafræði að þessu leyti. Við þurfum að virkja einkaaðila á þessum markaði eins og mögulegt er bæði hvað varðar leigu og sölu á íbúðum. Þeir eru meira í takt við tímann og mun sveigjanlegri og fljótari að bregðast við markaðsþörfum en hið svífaseina opinbera kerfi. Ég tel þetta vera stórmál því útilokað er annað en að bregðast við þeim stöðugt vaxandi vanda sem ungt fólk býr við til þess að eignast þak yfir höfuðið og sveitarfélögin þurfa að leggja sitt af mörkum til þess að koma til móts við þennan vanda.“

Auka þarf sveigjanleika í skólastarfinu

Halldór segir skólamálin mikið til umræðu um þessar mundir. Fólk geri ákveðnar kröfur til grunnskólanna og þeir þurfi einnig að vera búinir til þess að veita þá þjónustu sem þeim er ætlað að undirbúa börnin undir áframhaldandi skólanám og lífið sjálft. „Ég tel að lykilinn að bættum grunnskóla sé aukinn sveigjanleiki í skólastarfinu og gagnsæi. Sveigjanleikinn er fólgin í því að gera sjálfsstætt starfandi skólum hærra undir höfði heldur en gert er í dag. Með því fá foreldrar meira val um skóla. Sveigjanleikinn er einnig fólgin í því að skólarnir okkar fá betri tækifæri til þess að sérhæfa sig. Með því



Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

skapast aftur val eftir því á hvað svip fólk vill leggja áherslu á námi barnanna.

Margir kjósa að börnin gangi í hverfisskóla sem eru næst heimilum þeirra en foreldrar þurfa engu að síður að hafa meiri möguleika til þess að velja á milli skóla. Með því getur einnig skapast meiri sérhæfing í skólastarfinu þar sem skólarnir fá aukna möguleika til þess að þróa ákveðna þætti og nýjungar sem aftur geta aukið áhuga foreldra og nemenda á vali á milli þeirra.“

Gott samstarf við kennaraforystuna

Halldór segir að auka verði sveigjanleikann í skólastarfinu en það verði að vinnast í góðu

samstarfi við kennaraforystuna. „Ég er ekki hrifinn af „dönsku leiðinni“ þeirri leið sem Danir fóru vegna breytinga á skólakerfinu. Þeir breyttu því með lagasetningum og beinum þvingunum að ofan. Þótt finna meg margt áhugaveri í þeim breytingum sem Danirnir eru að gera þá er ég ekki hrifinn af aðferðafræðinni. Ég legg mikla áherslu á leið sáttta og samninga að þessu leyti og vil forðast að ná einhverjum markmiðum með lagasetningum. Ég tel að þvingaðar aðgerðir skili ekki þeim árangri sem við þurfum að ná. Ég er almennt ekki hrifinn af þvinguðum aðgerðum og það er draumurinn að takist í samstarfi við kennaraforystuna að gera ákveðnar breytingar á því fyrirkomulagi sem gildir í dag um

vinnutíma kennara. Ég legg mikla áherslu á að það takist í sátt og samlynd.“

Auka þarf gagnsæi í skólastarfinu

Halldór ræðir einnig um gagnsæi í skólastarfinu. „Við viljum opna starfið meira til þess að allir viti hvernig skólarnir standa. Hvernig þeir standa gangvart samræmdum prófum og gagnvart könnunum á borð við Pisa. Við vitum að einhver skóli lendir í fyrsta sæti, einhver í öðru og einhver í neðsta sæti. En ég held að fólk eigi ekki að hafa svo miklar áhyggjur af því vegna þess að þá yrðum við komin með einhverja mælistiku. Eitthvað til þess að mæla okkur við og þá er auðveldara að leggja áherslu á hvernig skólarnir geta bætt sig í stað þess að einblína á hvernig þeir raðast. Ég er sannfærður um að eftir því sem skóalstarfið verður opnara þá verða foreldrar meðvitaðri um að þeir hafi val og muni þá íhuga hvaða skóla séu heppilegastir fyrir börn sín og vilji nýta sér það.“

Stærri í sniðum en viðfangsefnin hin sömu

Halldór kemur að vestan þar sem hann starfaði m.a. sem bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar. Þegar hann er inntur eftir því hvernig sú reynsla muni nýtast á því mun stærra sviði sem hann stefnir á segir hann breytingarnar í eðli sínu ekki svo miklar.

„Ég kem af þessum vettvangi. Sveitarstjórnarmál eru allsstaðar hin sömu. Þetta er vissulega mikið stærra í sniðum og umfangsmeira en að sama skapi eru viðfangsefnin í grunninn eru flest hin sömu og alveg sambærileg. Ég kem af fullri auðmýkt að verkefnum hér í Reykjavík og trúi því að reynslan sé mér mjög gagnleg og geti nýst borgarbúum vel við rekstur borgarinnar.“

Bæta reksturinn án þess að draga úr þjónustu

Halldór segir að margt megí gera betur í rekstri borgarinnar. „Reykjavíkurborg er með skuldugustu sveitarfélögum á landinu og með útsvarið í toppi þrátt fyrir að vera svona stór og ætti því að geta verið fremur hagkvæm í rekstri heldur en minni sveitarfélög. Mér finnst margt benda til þess að hægt sé að auka hagkvæmnina. Og þá byrjar maður á því sem stendur manni sjálfum næst og hugar að yfirstjórn borgarinnar og því sem henni tengist. Ég held að megí bæta rekstur borgarinnar til muna án þess að draga úr þeirri þjónustu sem hún veitir,“ segir Halldór Halldórsson oddviti sjálfstæðismanna fyrir borgarstjórnarkosningarnar á komandi vori.

JÓGA & HEILSA

Námsskeið fyrir konur á Aflagrandu 40

Jógaleikfimi, mjúkar æfingar, góðar teygjur, öndun og slökun.

Jóga liðkar og styrkir líkamann, er gott gegn vefjagigt og eykur almenna andlega og líkamlega vellíðan.

Skráning hjá Hildi B. Eydal jógakennara • Gsm: 8644476

Réttindi frá British School of Yoga og Yoga studio.

Vellíðan á Snýrtistofunni

Eiðistorgi

er ómissandi í lífinu

551 23 23

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.

www.eignaumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Nemendur í Tónskólanum DoReMi með tónleika í Norræna húsinu

Tónskólinn DoReMi í Vesturbænum hélt tónleika í Norræna húsinu 4. mars sl. og þar komu fram 13 lengra komnir nemendur. Á píanó spiluðu Stefánía Ásta Karlsdóttir, Valtýr Már Michaelsson, Ísak Jónsson, Anton Emil Albertsson, Guðrún Sólveig Sigríðardóttir, Linda Björg Laas Sigrúðardóttir og Gunnar Arthur Helgason. Nanna Guðmundsdóttir lék á hörpu, Sigmundur Páll Freysteinnsson og Eiríkur Ari Sigríðarson á gítar, Matthías Löve á fiðlu, Stefán Eggertsson á víólu og Bergmundur Bolli Helgason Thoroddsen á selló.

Mörg þekkt tónverk hljómuðu í Norræna húsinu þennan dag, m.a. eftir Dimitri Schostakovich, Frederic Chopin, Francisco Tárrega, Wolfgang Amadeus Mozart, Johann Sebastian Bach og Nicoló Paganini. Þetta var hin besta stund, nemendur lögðu sig allir sem einn fram um að flytja tónverkin faglega, svo viðstaddir nutu örugglega allir þessarar tónlistastundar í Norræna húsinu í Vatnsmýrinni.

Afmælistónleikar í Salnum

Tónskólinn DoReMi verður með tvenna afmælistónleika, þematónleika, í Salnum í Kópavogi laugardagseftirmiðdaginn 29. mars nk. en skólinn fagnar um þessar mundir 20 ára afmæli. Þar verður boðið upp á mörg frábær



Unga tónlistarfólkið samankomið við upphaf tónleikana.

og skemmtileg tónlistaratriði fyrir áheyrendur á öllum aldri. Öll atriði tónleikanna eru eingöngu

flutt í samleik af nemendum skólans en yfir 130 börn koma fram.

Eftirlitskerfi við Melaskóla í fullri notkun

Í VESTURBLÆJARBLAÐINU í febrúar er frétt um að eftirlitsmyndavélar sem gefnar voru Melaskóla hafi ekki verið settar upp.

Í bókun Hverfisráðs Vesturbæjar sem einn nefndarmanna lagði fram segir: „Athuga hvers vegna eftirlitsmyndavélar séu ekki uppi við Melaskóla, en Hverfisráð gaf þær til skólans fyrir nokkrum árum síðan. Athuga hvort ekki sé hægt að koma upp lýsingu við listaverkið sem stendur á hringtorgi við Hótel Sögu.“ Sumir nefndarmenn Hverfisráðs eru greinilega ekki vel upplýstir því svokallaðar eftirlitsmyndavélar sem réttara er að kalla eftirlitskerfi, hefur verið í fullri notkun allt síðan kerfið var sett upp. Hvað varðar listaverkið þá var lýsingin tekin niður af borginni á sínum tíma vega viðgerðar, en hefur aldrei komið til baka. Kannski er kominn tími til að kalla eftir því!

Öflugri og fegurri hverfi

Hverfissjóður Reykjavíkur auglýsir eftir styrkumsóknum til verkefna sem stuðla að einhverjum eftirtalinn þátta í hverfum borgarinnar:

- Bættu mannlífi og eflingu félagsauðs
- Fegurri ásýnd borgarhverfa
- Auknu öryggi í hverfum borgarinnar
- Samstarfi íbúa, félagasamtaka eða fyrirtækja við borgarstofnanir.

Hægt er að sækja um styrki til verkefna í einu eða fleiri hverfum eða almennt í borginni. Einstaklingar, hópar, félagasamtök og stofnanir geta sótt um.

Hámarksupphæð styrkja er 700.000 krónur.

Umsóknarfrestur er til miðnættis þriðjudaginn 15. apríl 2014



Nánari upplýsingar eru á vef Reykjavíkurborgar - www.reykjavik.is/hverfissjodur

www.borgarblod.is



Jafnvægið býr í Systrasamlaginu

- Fallegt handbragð - Fallegt efni - Falleg hugsun - Fallegt innihald -

Nærandi matur Systrasamlagsins, meðal annars þeytingar og skot



Jógadýnur og fylgihlutir af bestu gæðum frá Manduka



Nærandi náttúruilmir og ilmvötn 10 tegundir!



Viridian vítamín án allra auka- og fylliefna



Fallega hönnuð lífræn jóga/íþróttar/þægindaföt frá Prancing Leopard

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid

AFGREIÐSLUTÍMI:

Virkir dagar
Laugardagar

9 - 18
10 - 16

Kyrrðardagur í Neskirkju 29. mars



Svona umhverfi skapar oft kyrrð í sálinni.

Má bjóða þér kyrrð?

Í janúar sl. var kyrrðardagur í Neskirkju og þátttakendur hvöttu til að annar kyrrðardagur yrði haldinn. Og næsti kyrrðardagur verður haldinn laugardaginn 29. mars nk. Kyrrðardagur er dekurdagur fyrir sálina og öllum opinn. Dagskrá hefst kl. 10.00 árdegis og lýkur um kl. 15.30 og það er Sigurður Árni Þórðarson, Neskirkjuprestur sem stýrir þessum kyrrðardeg.

Kyrrðardagur í borg er

knappari en margir dagar á kyrrðardagasetri. Á dagskrá eru íhuganir um skeið æfinnar og farnar verða tvær gönguferðir, önnur með Ægisíðu og hin í Hólavallagarði. Öllum er frjáls og ókeypis þátttaka. En veitingar þennan dag kosta 1500 krónur. Hvernig væri að bregða sér á kyrrðardag í Neskirkju? Skráning er með netpósti á s@neskirkja.is eða í s. 511-1560. Öll sem hafa áhuga á rækt hins innri manns og andlegri heilbrigði eru velkomin.

Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri


VESTURBÆRINN MINN: Bæta borg – en bara það smáa og dúllulega

Á aðventunni um það leyti sem nýtt aðal-skipulag var samþykkt fyrir Reykjavíkurborg barst þessi fína auglýsing um Betra hverfi inn um lúguna. Það er nú aldeilis gaman hve þeir eru rausnalegir hjá bænum. Við megum bara vera með í að ákveða litinn á sandkassanum og dúlla svolítið við blómaker. Kannski ákveða að gangstéttahellur verði réttar af. En stóru málin! Breytingar á skipulagi sem hafa stórkaraleg áhrif um ókomna tíð á líf og umhverfi borgarbúa þau koma okkur íbúunum sko ekkert við!

Þegar reisa á heilt nýtt hverfi niður við Reykjavíkurhöfn og tuttugu metra háa og eftir því stóra höfuðkirkju rétttrúnaðarsafnaðarins er ekkert samráð haft við íbúa. Villi borgarstjóri gerði sig breiðan í Moskvuborg og gaf lóð undir kirkju og tvö bílastæði við Nýlendugötuna.

Við sem höfum staðið í forsvari fyrir Íbúasamtök Vesturbæjar höfum frá upphafi mótmælt hæð húsa í þessu nýja hverfi á Slippareit. Það er í of stórum skala miðað við heildarsvip hverfisins í nágrenninu og að staðsetja þessa kirkju er nauðgun á skipulagi Nýlendugötunnar. Það er hvergi pláss í Vesturbæ Reykjavíkur fyrir kirkju af þessari stærð. Nema þá helst við hliðina á þeirri kaþólsku á Landakotstúninu. – Kirkjuklukkurnar geta þá slegið í takt.

Að sjálfsögðu er gott að við fáum að kjósa um hugmyndir að breytingum í hverfinu okkar. En það er alvarlegt þegar athugasemdir okkar við byggingu höfuðkirkju rétttrúnaðarkirkjunnar á einbýlishúsalóð við Nýlendugötu eru hundsáðar. Í ofanálag var kirkjan teiknuð í röngum skala í kynningarbæklingum til að blekkja þá sem málið



Gísli Þór Sigurpórsson

varðar. Betra hverfi hvað? Við krefjumst virks íbúalýðræðis þar sem íbúar hafi eitthvað að segja um meiri háttar breytingar á nærumhverfi sínu. – Kjósum betri hverfi – rétttrúnaðarkirkjan burt.

*Gísli Þór Sigurpórsson
stjórnarmaður í Íbúasamtökum Vesturbæjar*

Umferðarmenningu kringum Melaskóla ábótavant

Töluvert hefur borist af kvörtunum til lögreglu vegna umferðamenningar í kringum Melaskóla á morgnana þegar foreldrar koma með börn sín í skólann.

Lögreglan vill benda foreldrum og ökuönnum á að bannað er að leggja ökutækjum á Furumel, og bendir á stæði við Neskirkju og íþróttahús Hagaskóla þaðan sem unnt er að ganga með börnunum yfir gangbrautina á Nes-haga og í skólann. Þá eru einnig stæði við Hagamel. Lögreglan við einnig ítreka við ökumenn að stöðvunarskylda er á gatnamótum Furumels og Hagamels,



Melaskóli.

ökuönnum ber skilyrðislaust að stöðva bifreiðina við stöðvunar- línuna eða við stöðvunarskyldu merkið þannig að öll hjól nemi staðar. Rétt er að benda á

að gönguleið fjölda barna í Melaskóla liggur yfir gangbrautina á fyrrgreindum gatnamótum.

Sektin við stöðvunarskyldubroti getur verið frá 5000 krónum í 15,000 krónur eftir grófleika brotsins.

Lögreglan mun nú á næstu viku fylgjast ítarlega með umferðarmenningunni í kringum Melaskóla og sekta þá ökumenn sem brjóta umferðareglurnar, hvort sem um stöðubrot sé að ræða, stöðvunarskyldubrot, öryggisbelti ekki notuð, öryggisbúnaður fyrir börn ekki notaður, talað í farsíma án handfrjáls búnaðar og margt fleira.



 **Gleraugað**

Vaxtalaus greiðslukjör til allt að 12 mán Sjónmælingar

Bláu húsin við Faxafen
Suðurlandsbraut 50
568 18 00

Kringlan
Kringlunni 4–12
588 99 88

glerauga@glerauga.is
www.glerauga.is

Reykjavíkurborg:


Gríðarlega mikil uppbygging framundan

Uppbygging í Reykjavík stefnir í að verða meiri en nokkru sinni áður, eftir því sem fram kom í erindum á opnum fundi um stöðu atvinnulífs í borginni, sem haldinn var í Ráðhúsi Reykjavíkur fyrir skömmu. Mikill áhugi var fyrir fundinum og var hvert sæti setið. Áhersla var á að draga fram stöðu mála í atvinnuþróun, ferðamennsku og mannvirkjagerð í Reykjavík. Í kynningum á fundinum kom fram að eftir fimm ára lægð í uppbyggingu er ljóst að komandi misseri munu einkennast af auknum framkvæmdum, einkum í ferðapjónustu og byggingu íbúðarhúsnæðis.

Jón Gnarr borgarstjóri bauð gesti velkomna og sagði spennandi tíma framundan í Reykjavík. Uppgangur ferðapjónustu væri ótrúlegur og sem dæmi um áhuga erlendra miðla á Reykjavík nefndi hann að í sinni borgarstjóratið hefði hann rætt við yfir 500 erlenda fjölmiðla.

Ferðapjónustan stærsta útflutningsgreinin

Svanhildur Konráðsdóttir, sviðsstjóri Menningar og ferðamálasviðs, sýndi í kynningu sinni vöxt ferðapjónustu í Reykjavík, en ferðapjónustan er orðin stærsta útflutningsgrein Íslands. Hún dró fram áherslu í ferðamálastefnu Reykjavíkur til ársins 2020, sem



Meðal þess sem hafin er bygging á er fjölbýlishús á Lýsislóðinni.

eru menningarborg, heilsuborg, ráðstefnuborg og vetrarborg. Svanhildur sagði frá sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins en þar er unnið með vörumerkið „Reykjavík“. Í þeirri vinnu hafa verið dregið fram lykilorð úr rannsóknum meðal gesta borgarinnar og þeirra sem hafa áhuga á Íslandi, en þau lykilorð sem tengd eru við borgina eru vinaleg, friðsæl, menningarleg, litrík, nútímaleg, hrein og smá. Nær allir gestir sem til Reykjavíkur koma eða 98% þeirra ætla að mæla með borginni við vini.

Viðsnúningur í byggingu íbúða

„Reykjavík dregur vagninn í auknum hagvexti í landinu,“ sagði Dagur B. Eggertsson formaður borgarráðs og hann sýndi í sinni kynningu gífurlega aukningu á byggingu íbúðarhúsnæðis. Á árabílinu 2007 – 2012 hefði þurft að byggja 2.700 fleiri íbúðir en raun var og segir Dagur nauðsynlegt að vinna upp þetta gap til að mæta þörf fyrir íbúðir á höfuðborgarsvæðinu. Frá þessu alkuli

eftir hrun var árið 2013 byrjað að byggja 614 íbúðir og nú í ár gera spár ráð fyrir að framkvæmdir við 950 íbúðir hefjist. Aukningin árið 2015 gæti svo orðið mun meiri.

Dagur gerði óskir ungs fólks um búsetu að umræðuefni, en það vill einkum búa miðsvæðis í leiguhúsnæði og þær óskir rími mjög vel við nýsamþykkt aðalskipulag.

Bygging nær 1.200 gistiherberja er í gangi í dag. Borgaryfirvöld

vilja greiða þessari uppbyggingu leið og það tæki þrýsting af því þá yrði síður almennt íbúðarhúsnæði notað sem gistirými. Dagur sagði þó nauðsynlegt að staldra við því ekki gæti þessi þróun haldið áfram og komið væri að þolmörkum miðborgarinnar. Stækka þyrfti svæðið og nefndi hann nokkra möguleika í því sambandi.

SALON REYKJAVÍK

NÝJA SUMARLÍNAN 2014
HAUTE COIFFURE FRANÇAISEER
KOMIN Í HÚS. VERIÐ VELKOMIN.

SALON REYKJAVÍK GRANDAGARÐI 5 101 REYKJAVÍK
OPIÐ MÁN-FÖS: 9-18 LAU: 10-13 SÍMI: 56 85 305



Löður er með **rainx** á allan bílinn

-  Rain-X býður upp á fullkomna yfirborðsvörn
-  Rain-X verndar bílinn, eykur útsýni og öryggi
-  Hreinn bíll eyðir allt að 7% minna eldsneyti

Við erum á sex stöðum á höfuðborgarsvæðinu
www.lodur.is - Sími 544 4540

Raуда ljónið
síðan 1989

**HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN**

**TAKTU MEÐ
eða
BORÐAÐU Á STAÐNUM**

Alvöru matur

Coca-Cola

ÓDÝR HÚSGAGNA-, DÝNU- OG TEPPAHREINSUN

Við djúphreinsum: rúmdýnur, sófasett,
tungusófa, hægindarstóla, teppi og mottur.

S: 780 8319 • Email: djuphreinsa@gmail.com



rafmagn@mi.is

Geri við allar tegundir startara, alternatora, beinar
innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

Þríkrossinn

Íslenskt handverk
Ný útfærsla í silfri
Fjórar stærðir



Skartgripur með trúarlega merkingu seldur til styrktar blindum
og sjónskertum á Íslandi. Fæst í skartgripa- og gjafaverslunum
og á www.blind.is.

BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskerttra á Íslandi
STOFNAD 1939



Hamrahlíð 17 • 105 Reykjavík • Sími 525 0000 • www.blind.is

Reykjavíkurapótek við Seljaveg fimm ára:

„Alla tíð reynt að vera með hagkvæm verð“

- segir Guðmundur Reykjalín

Reykjavíkur Apótek er fimm ára á morgun, hóf rekstur 21. mars 2009 að Seljavegi 2 í Vesturbænum, þegar efnahagskreppan stóð sem hæst. Þrátt fyrir það hefur reksturinn gengið vel að sögn Guðmundar Reykjalín, framkvæmdastjóra.

Reykjavíkur Apótek býður upp á alla almenna lyfjafræðilega þjónustu, gott úrval af vítamín-um, snyrti- og hjúkrunarvörum og samkeppnishæft verð. Auk þess er í boði sú þjónusta að senda lyfin heim til þeirra sem eru ellilífeyrisþegar og öryrkjar án gjaldtöku og hefur það mælst mjög vel fyrir enda er stöðug aukning í þeirri þjónustu. Aðeins þarf að hafa samband í síma 511-3340 eða senda tölvupóst á netfangið, reyap@reyap.is

- Þegar lagt var af stað fyrir fimm árum var ykkur væntanlega ljóst að samkeppnin yrði mikil en hafið væntanlega verið með einhverjar væntingar um það hvernig reksturinn mundi ganga?

„Vissulega gerðum við það, og vissum að við vorum að koma í hverfi þar sem þrjú apótek voru fyrir og vissum líka að það yrði erfitt að ná upp góðum rekstri. En við höfum náð þeim árangri sem við gerðum áætlanir um í upphafi, og jafnvel gott betur. Við höfum alla tíð reynt að vera með hagkvæmt verð þó við höfum ekki gefið okkur út fyrir að vera ódýrust, en vitum að við erum með þeim ódýrari og það markmið hefur skilað sér ágætlega, m.a. í mjög mörgum og góðum viðskiptavinum í Vesturbænum, á Seltjarnarnesi og raunar mun víðar. Við vitum líka að okkar viðskiptavinir eru út um allt höfuðborgarsvæðið.“

- Er ykkar vöruval öðruvísi en hjá öðrum apótekum, erum þið að versla við aðra birgja?

„Ekki er það, vöruvalið er mjög svipað í öllum apótekunum en við höfum gert minna út á snyrtivörur heldur en mörg önnur apótek, enda er okkar verslunarpláss ekki svo stórt að það sé mögulegt. En reynum að vera með allt það helsta sem sóst er eftir á markaðnum og þannig þjóna sem flestum. Í tilefni fimm ára afmælisins verðum við sérstök tilboð hér í apótekinu.“

Guðmundur segist sáttur við staðsetninguna eftir fimm ára dvöl í Vesturbænum, staðsetningin hafi reynst afar vel, enda mikil umferð fram hjá, m.a. eftir Mýrargötunni, stór áform séu hjá Reykjavíkurborg um verulega aukningu byggðar í nágrenninu og einnig á Lýsislóðinni og skammt frá séu þrír stórmarkaðir sem sinna að mestu allri dagvörusölu fyrir vesturhluta Reykjavíkurborgar. Því kemur fólk oft við í Reykjavíkur Apóteki í leiðinni.



Guðmundur Reykjalín ásamt starfsmönnum Reykjavíkur Apóteki. F.v.: Guðrún Björg Einarsdóttir, Þorbjörg Friðbertsdóttir, María Jóhannsdóttir, Guðmundur Reykjalín, Margrét Pétursdóttir og Margrét Birgisdóttir.

Nafnið hefur áhrif

Það kom á óvart að Háskóli Íslands, sem um áratuga skeið rak Reykjavíkur Apótek við Austurstræti skyldi ekki hafa sótt um einkaleyfi á nafninu. Það gladdi því ýmsa þegar þetta nafn var aftur á markaðnum og eflaust hafa einhverjir sótt viðskipti vestur á Seljaveg út á það. Guðmundur var spurður hvort það gæti ekki staðist.

„Það kann vel að vera að það hafi haft einhver áhrif. En í byrjun var mjög mikið spurt um það hvort við værum tengd einhverri apótekskeðjunni, en svo er alls ekki. Við vorum að opna rétt eftir efnahagshrunið og margir lýstu ánægju sinni með það að apótekið væri einkarekið. Ég er ekki viss um að samkeppnisyfirvöld mundu einfaldlega samþykkja yfirtöku t.d. Lyfja á Reykjavíkur Apóteki ef þeim stæði það til boða. Lyfja var tekin upp í skuld hjá Íslandsbanka við efnahagshrunið og bankinn rekur þá apótekskeðju enn. Markaðshlutdeild stóru apótekskeðjanna hefur auk þess verið að minnka á hverju ári, fyrst og fremst vegna þess að einkareknum apótekum hefur verið að fjölga. Áður lagði raunar enginn í að hefja samkeppni við þessar stóru apótekskeðjur, en eftir að Lyf og heilsa reyndi að knésetja Apótek Vesturlands á Akranesi með undirboðum sem endaði með því að Lyf og heilsa var dæmt í Hæstarétti til að greiða 100 milljónir króna í sekt í ríkissjóð. Við erum ekki í samstarfi við önnur apótek en hins vegar eru sömu eigendur að Reykjavíkur Apóteki og Apóteki Vesturlands, þar er eingöngu um eignartengsl að ræða.“

Eigendur eru Guðmundur Reykjalín, Ólafur Adólfsson, Hjördis Ásberg og Margrét Birgis-

dóttir sem aðeins er eigandi að Reykjavíkur Apóteki.

- Hefur hlutfall samheitalyfja hefur verið aukast á undanföllum misserum?

„Hlutfallið hefur verið nokkuð svipað gegnum árin en apótekunum ber að bjóða þeim sem koma með lyfseðil samheitalyf sem er ódýrara en tilgreint er á lyfseðlinum. En það þiggja það ekki allir þó þeim sé sagt að þetta sé nákvæmlega eins lyf. En það er ekki þar með sagt að það virki nákvæmlega eins í öllum tilfellum. Um leið og einkaleyfi á lyfi rennur út koma samheitalyfjin á markaðinn.“

„Við vorum að byrja að innrétta hér þegar efnahagshrunið skall á og Guð var beðinn að blessa Ísland. Þá settumst við aðeins niður og skoðum hvað best væri að gera í stöðinni, ættum við að hætta við þetta allt saman eða bíta á jaxlinn og halda ótraud áfram óbreyttum áformum. Það gerðum við og sjáum auðvitað ekki eftir því. En það kom smá hik á okkur, við vissum ekki hvað mundi gerast á næstu mánuðum og það var þó nokkur áhætta falin í því að halda áfram. En þetta er þjónusta sem er nauðsynleg og allir þurfa að fá sín lyf.“

Ég vil að lokum þakka okkar góða starfsfólki fyrir þann árangur sem við höfum náð og öllum okkar viðskiptavinum í Vesturbæ, Seltjarnarnesi og öllu höfuðborgarsvæðinu fyrir viðskiptin og samfylgdina á síðustu árum og vonumst til að þau viðskipti aukist enn frekar á komandi árum,“ segir Guðmundur Reykjalín.



Líður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

Líttu við á Laugaveginum

Útibú í kjallara
Máls og menningar

Laugavegi 18 • S. 511 3399 • Ópið mán.-fös. kl. 11-18, lau. kl. 11-17

Öskudagsball Tíu12 var alveg rosalegt

Mikið fjör var á Öskudaginn fyrr í þessum mánuði, en Tíu12 var þá með Öskudagsball í Frostaskjól.

Verðlaun voru fyrir besta búninginn, í 3. sæti voru grímuklæddu ræningjarnir þeir Tómas Gylfi, Gunnar Snorri, Einar Skúli, Ólafur Björn og Gísli Garðar úr 5. bekk í Melaskóla. Í 2. sæti var Minion fjölskylda sem samanstóð af þeim Ástu, Högnu, Steinunni, Bryndísi og Ernu úr 6. Bekk, einnig í Melaskóla. Í 1. sæti var svo hann Dagur úr 6. bekk í Vesturbæjarskóla í Iron Man búning sem hann hannaði sjálfur á mjög frumlegan hátt. Kötturinn var sleginn úr tunnunni og var það Valdemar úr 6. bekk í Grandaskóla sem varð Tunnukóngur Tíu12 þetta árið. Auk þessara persóna voru fjölmargar aðrar, s.s. Hermione úr Harry

Potter og Súperman og Clark Kent sáu sér báðir fært um að mæta ásamt spili úr Lisu í Undralandi en það fór mjög líklega í gegnum holuna eins og Lísu hér forðum daga.

Ballið fór vel fram og var einstaklega skemmtilegt, jafnvel alveg rosalega skemmtilegt.



Minion fjölskyldan – Erna amma, Steinunn pabbi, Högn mamma, Ásta barn og Bryndís barn 6.bekk Melaskóla ásamt starfsmanni Tíu12 Sævari Steini.



Grimuklæddu ræningjarnir – Einar Skúli, Tómas Gylfi, Ólafur Björn, Gísli Örn og Gunnar Snorri 5. bekk Melaskóla.



Hermione – Margrét Líf ásamt vinkonu sinni, sjórængjanum Matthildi.



Búningar voru með ýmsum hætti, eins og alltaf er á þessum degi, og á auðvitað að vera. Iron Man – Dagur í 6. bekk Vesturbæjarskóla og Tunnukóngur Tíu12, Valdemar 6. bekk Grandaskóla.

Vort góða brauð

í 180 ár

1834-2014

Bernhöftsbakari er handverksbakari og Konditori og þar starfa eingöngu fagmenn við baksturinn. Aðeins besta hráefnið er nógu gott. Góð brauð – góð heilsa.

Vetrarstarfið í Frostaskjóli líklega aldrei líflegra

- ungmennahúsið ber nafnið Jökla

Við upphaf nýs skólaárs haustið 2013 fór starfsemi ungmennahúss í Frostaskjóli af stað eftir langt og gott sumarfrí. Starfsemin var hugsuð fyrir einstaklinga úr vesturbæ Reykjavíkur á aldrinum 16 til 18 ára og hefur verið opin einu sinni í viku, þrjá tíma í senn. Þessi starfsemi, sem aldrei fékk almennilega byr undir sína vængi, fór hægt af stað og var fjöldi einstaklinga og heim-sókna nánast hægt að telja á fingrum tveggja handa.

Frá upphafi vorannar hefur hins vegar farið fram heildar endurskipulagning á ungmennahúsinu, sem hefur verið starfrækt undanfarin ár í húsakynnum Frostaskjólis.

Það er ljóst að þörfin fyrir áframhaldandi félagsstarf eftir grunnskóla er til staðar og ungmennahús í öðrum hverfum og bæjarfélögum á höfuðborgarsvæðinu bera vott um það. Eftir hugmyndavinnu og heimsóknir í önnur ungmennahús á höfuðborgarsvæðinu tóku starfsmenn og einstaklingar úr Ungmennaráði Vesturbæjar þá ákvörðun að umbreyta starfinu algjörlega og skipta um gir. Í samstarfi við Ungmennaráð Vesturbæjar hefur á undanförunum vikum ver-

ið unnið markvisst að því að smíða grunn að því sem koma skal. Ungmennin hafa skipt um nafn og eru afar stolt af því að framvegis mun ungmennahúsið í Frostaskjóli bera nafnið Jökla.

Jökla er frábrugðið því starfi sem unnið er á grunnskólastigi en hjá okkur koma ungmennin að allri skipulagningu, vinna að kostnaðaráætlun og setja sér sjálf markmið og viðmið í starfinu.

Í Jöklu er frábær aðstaða sem ungt fólk í vesturbænum getur nýtt sér til sköpunar, afslóppunar, lærdóms, eldamennsku og ræktað allt það sem sál og hugur grípur.

Við, bæði starfsfólk ungmennahússins og hjarta ungmennahússins; unga fólkið sjálft, sjáum Jöklu sem viðbót við félagslíf framhaldsskólanna og vettvang þar sem einstaklingar á aldrinum 16 til 18 ára geta skapað og notið í vímuefnalausum umhverfi. Jökla ungmennahús er staður þar sem hægt er að funda, vinna hljóð, myndbönd, skólablöð eða bara næra sálartetrið í góðum félagsskap. Jökla er hús ungmennanna sem það sækja, ungmennin skapa sálina og eru grunnurinn að því sem Jökla getur orðið.

Vorlínan í hártísku komin hjá Salon Reykjavík

Arnar Tómasson hárgreiðslumeistari og eigandi Salon Reykjavík á Grandagarði var nýlega á árlegri sýningu í París þar sem hann kynntist öllu því helsta í vortískunni 2014. Arnar segir engar stökkbreytingar vera í ár, en alltaf einhver breyting og alltaf sé verið að nema nýja tækni og það hafi alltaf verið síðan hann byrjaði í hárgreiðslu síðan 1987.

„Kaldi cokeliturinn er ennþá inni og það eru núna léttari línur með undirklippingu og langan topp og svo er mikið um stóra og þykka toppa sem er nýjung og ég nefna líka þessar flottur bylgjur svo það verður meiri hreyfing í hárinu sem er eðlilegt yfir sumartímann. Hjá körlum eru þetta fyrst og fremst snöggklipptar hliðar en svolítið þykkt hár á hvirflinum. Þetta er ekki bundið neinum sérstökum aldri, maður er aldrei of gamall fyrir nýja hártísku ef manni langar í svoleiðis klippingu. Það er rangt að festa sig í einhverri ákveðinni klippingu á ákveðnum aldri, spurningin er hvaða mynd og útlit þú ert að sækjast eftir. Ekki hika við það, hártíska spyr ekki um aldur frekar en fatatískan.“

Arnar segir að veitt sé ráðgjöf sé þess óskað en auðvitað sé öll



klipping viss ráðgjöf. Byrjað er að skoða líkamsstærðina, í hvaða tísku viðkomandi vill flokka sig og unnið út frá því.

Á Salon Reykjavík eru fyrst og fremst notuð umhverfisvæn efni og Organic litir sem ekki hafa verið prófuð á dýrum sem er bæði heilbrigðara fyrir hárið, viðskiptavininn og umhverfið, og ekki síst

þá hárgreiðslumeistara sem nota það. Svo eru á stofunni hrein náttúruleg efni eins og „Hule D’Argane“ frá Nectarome sem kemur frá Marokkó og er eingöngu ræktað þar og er mjög vinsælt í dag í snyrtivörugæiranum. Það er fyrir andlitið og baðið og kemur í staðinn fyrir venjulegt krem.



Vortískan er afar skemmtileg, með léttari línur og meiri hreyfingu í hárinu.

Vesturbæingurinn Gunnar Þórðarson hlaut tvennar viðurkenningar á Íslensku tónlistarverðlaununum

Íslensku tónlistarverðlaunin 2014 fóru fram í Hörpu sl. föstudag þar sem því var jafnframt fagnað að 20 ár eru síðan verðlaunin voru veitt í fyrsta sinn.

Fyrri hluti verðlaunaafhendingar fór fram í hádeginu í Norðurljósum þar sem veitt voru verðlaun í 11 flokkum en um kvöldið voru veitt verðlaun í 15 flokkum ásamt heiðursverðlaununum awm komu í hlut Mezzoforte. Kynnir var Vilhelm Anton Jónsson og fram komu Emiliana Torrini, Hjaltalín, Mezzoforte, Skálmöld, Þóra Einarsdóttir og Elmar Gilbertsson sem fluttu atriði úr óperunni Ragnheiði.

Tónlistarviðburður ársins kom í hlut Gunnars Þórðarsonar og Friðriks Erlingssonar fyrir óperuna „Ragnheiði“ og Gunnar Þórðarson hlaut einnig viðurkenningu sem tónhöfundur ársins í flokknum sígild og samtímatónlist fyrir fyrir óperuna „Ragnheiði.“

VESTURBÆJARBLAÐIÐ óskar Vesturbæingnum Gunnari Þórðarsyni til hamingu með þessar viðurkenningar.



Gunnar Þórðarson ásamt eiginkonunni Toby Sigrúnu Herman. Gunnar þakkaði henni sérstaklega fyrir að hafa gefið sér að borða meðan hann sat við að fullgera „Ragnheiði.“

Skuggabaráinn vikur fyrir hótélherbergjum

Gamli Skuggabaráinn á baklóð Hótél Borgar vikur nú fyrir 43 herbergja hótélbyggingu sem þar á að rísa og verður tekin í notkun fyrir sumarið 2015.

Ekki hafa allir verið sáttir við þessa framkvæmd, m.a. bent á skuggavarþ í garði Hressingar-skálans. En stefna borgaryfirvalda að þetta byggð sem viðast ræður för.

Skuggabaráinn tilheyrir senn fortíðinni.



Ræstingar / Teppahreinsun

Steinteppeahreinsun / Bónvinna

Meðhöndlun Náttútusteins

Hreingerningar / Flutningsþrif

Húsfélagapjónusta ofl.

Ræsting og Ráðgjöf ehf

Alhliða hreingerningarpjónusta

S. 519 7500 • 770 4630

www.clean.is

www.borgarblod.is

HÁGÆÐI.IS

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

FLÍSALAGNIR.IS

100% endurgreiddur vsk af vinnu

Sími: 565-7070

„Ég er mjög þakklátur fyrir þennan tíma sem ég hef verið í Dómkirkjunni“

- segir sr. Karl Sigurbjörnsson biskup

Sr. Karl Sigurbjörnsson biskup hefur þjónað kirkjunni í liðlega 41 ár, vígðist 1. febrúar 1973 til Vestmannaeyjaprestakalls en þá bjó enginn í sókninni, allir íbúarnir voru fluttir upp á land vegna eldgosins svo fyrstu mánuðir í prestskap sr. Karls voru meðal landflótta fólks. Eftir að gosinu lauk um sumarið fór fólk aftur til flytja til Vestmannaeyja, en alls ekki allir, og þá flutti presturinn einnig til Eyja. „Allur þessi tími er mér mjög eftirminn- anlegur, enda á hann sér varla hliðstæðu í Íslandssögunni. Fólkið bjó hér í alls kyns bráða- birgðahúsnæði, vinnuskálum, sumarbústöðum og jafnvel í húsnæði sem sumt gat jafnvel varla talist mannabústaðir. Ég kynntist vel þeirri skelfingu sem þetta fólk bjó við, það vissi ekki hvort það kæmist nokkurn tíma heim aftur. En svo varð ég líka var við þessa íslensku þrautsegu menn ákváðu að taka afleiðingunum, hverjar sem þær yrðu.

Þetta vor var fermingarbörnunum safnað saman til undirbúnings fermingunni og það var gert í fermingarbúðum að Flúðum. Síðan voru þau fermd í Skálholtskirkju, alls um 100 börn. Það er alveg ógleymanlegt. Þessi hópur hittist út í Vestmannaeyjum síðasta haust, þá voru þau að minnst þess að 40 ár voru liðin frá fermingunni.“

Fyrsta samfélagslega uppbyggingarstarfið

- Þitt starf hefur væntanlega breyst nokkuð eftir að þú fluttist til Vestmannaeyja og þangað fór að flytjast fólk?

„Kirkjustarfið í Vestmannaeyjum var fyrsta samfélagslega uppbyggingarstarfið þar eftir gos og það var messa upp á hvern sunnudag. Fólkið leit upp úr önnunum og öskunni og átti hátíðarstund í kirkjunni. Það var gert gríðarlegt átak að hreinsa bæinn af ösku, víða allt á bólakafi. Ég tók þátt í því eins og hver annar íbúi á staðnum. Skólarnir tóku fljótlega til starfa svo smám saman fór lífið að færast í eðlilegra horf. Ég var ekki í Vestmannaeyjum nema á annað ár.“

- Hvað tók þá við?

„Ég sótti um Hallgrímskirkju og hlaut kosningu og þar þjónaði ég allt þar til ég vígðist sem Biskup Íslands. Þar fór fram annars konar uppbygging, það var verið að byggja mjög stóra kirkju en á sama tíma var íbúasamsetningin og öll þróun í miðborg Reykjavíkur að gjörbreytast. Í grundvallaratriðum er ekki mikill munur á safnaðarstarfinu í Vestmannaeyjum á þessum tíma og í Hallgrímskirkju. En lífinu í Vestmannaeyjum á fyrstu mánuðum mínum þar var hægt að líkja við stríðsástand, maður var stundum eins og staddur á vígvelli. Það ríkti visst upplausnarástand. Undirliggjandi var sorg í fólki, ekki síst vegna þess að þetta kunnulega umhverfi sem það þekkti svo vel var meira og minna horfið undir hraun og ösku, m.a. falletti hluti Heimaeyjar. Margir vinir, nágrannar og ættingjar sneru

ekki aftur svo félagsleg mynstur og tengsl riðluðust.“

Sr. Karl Sigurbjörnsson var prestur í Hallgrímskirkju í 23 ár, en var kjörinn Biskup Íslands 1998 sem hann gegndi til ársins 2012.

- Fannst þér myndast tómarúm í þínu lífi eftir 39 ár í þjónustu kirkjunnar í samfelldum önnum þegar þú lést af biskupsembætti?

„Þetta voru gríðarleg viðbrigði. Starfið var líka samfélagið sem maður hrærist í og allur sá taktur sem er í kringum það. Svo er það ekki lengur fyrir hendi. Allt í einu vaknar maður að morgni, og það bíður manns ekkert sérstakt. Margir þekkja það vissulega. Þegar tilveran hefur snúist um ótal flókin úrlausnarefni sem vörðuðu ef til vill fjölmarga varð meginspurningin kannski sú hvort ég ætti að kveikja á kaffivélinni áður en ég sækti dagblaðið eða öfugt. Maður dettur líka út úr þessu daglega samfélagi, ekki síst þegar maður hefur verið í daglegum samskiptum við fjölda fólks á stórum vinnustað og samfélagi. Mitt starf var mér allt.

En þá er bara að finna nýjan takt og aðlagast honum.“

Afleysingastarf við Dómkirkjuna bar brátt að

- Þú varst beðinn að leysa sr. Hjálmar Jónsson af í Dómkirkjunni um stundarsakir en því fer nú senn að ljúka. Greipstu það tækifæri fegin hendi eða tókst þér nokkurs umhugsunarfrest?

„Það var ekki sjálfgefið að taka við þessu og svoltill skrekkur í manni líka. Ég hélt reyndar að viðbrigðin yrðu meiri að gegna aftur venjulegu preststarfi en þetta var til skamms tíma og ég auðvitað vissulega hæfilega ábyrgðarlaus í bestu meiningu þess orðs. Hér í Dómkirkjunni er allt safnaðarstarf vel mannað, gott fólk. Ég þekkti auðvitað safnaðarstarfið að því leiti áður að Dómkirkjan er kirkja biskupsins svo hér var ég reglulega, t.d. á jólu- og páskum, hér fara fram allar prestsvígslur og djáknavigslur og aðrar kirkjulegar athafnir sem tilheyra biskupsembættinu. En svo hef ég auðvitað sótt messur í Dómkirkjunni sem „óbreyttur“. Ég er mjög þakklátur fyrir þennan tíma sem ég hef verið í Dómkirkjunni og í samskiptum við þetta góða fólk sem hér starfar.“

Hins vegar hefur farið nokkuð erlendis, svo sem annast kyrrðardaga fyrir norska biskupa og það segir hann hafa verið ánægjulegan þátt. Einnig hefur sr. Karl að sér að leiða kyrrðardaga í Skálholti, í dymbilvikunni. Á kyrrðardögum í dymbilvikunni ríkir þögn, mörgum þykir það gott, öðlast við það innri frið og uppbyggingu í trú. Kyrrðardagar bjóða upp á þögn, sem sr. Karl segir að sé munaðarvara á okkar tímum.

Sagnfræðilegar bókmenntir

- Hefurðu fundið þér eitthvað sérstakt tómstundagaman eftir að þú



Sr. Karl Sigurbjörnsson biskup og feðgarnir Björn Alexander Þorsteinsson og Þorsteinn Siglaugsson sem lásu ritningarlestrana í messunni 9. mars sl., en Björn Alexander fermist nú í vor í Dómkirkjunni.

lést af embætti biskups?

„Það hef ég ekki gert. Þegar finnskur prófessor, kunningi minn, var spurður þessarar spurningar af sama tilefni sagðist hann safna finnskum fiðrildum. En þar sem það væru svo fá finnsk fiðrildi til hefði hann góðan tíma til að lesa! Ég vil gera hans orð að mínum. Ég les mikið, ekki síst það sem viðkemur mínum fræðum, og svo það sem tengist sögu, sem lengi hefur verið mitt áhugamál.“

- Nú gefst ykkur hjónunum meiri tími til að ferðast. Eru einhver slík áform í gangi?

„Við Kristín erum heimakær og höfum ekki verið dugleg við það. Við höfum gefið okkur góðan tíma til að sinna okkar barnabörnum en höfum ekki lagst í nein ferðalög. Við munum örugglega ferðast eitthvað um landið í sumar en förum líka til Norðurlandanna, en ég hef tekið að mér verkefni þar. Um leið heimsækjum við vini og kunningja,“ segir sr. Karl Sigurbjörnsson biskup.




40%

afsláttur af öllum sóttum pizzum 21. - 27. mars

Gildir ekki með öðrum tilboðum, 30" partypizzum eða heilsubökum

Næturopnun til kl. 06:00 á Smiðjuvegi 2, Kóp. kr. 500.- sendingargjald eftir kl. 03:00



Smiðjuvegi 2 KÓPAVOGI
Hringbraut 119 (JL húsið) REYKJAVÍK

S. 554 4444

www.hroi.is

Evrópa hlær



kvikmyndahátíð

22.-30. mars

Sýningar kl. 15 alla dagana í Kamesi Borgarbókasafns, Tryggvagötu 15

Húmor milli þjóða og þjóðabrota getur verið afar mismunandi svo ekki sé talað um spaugilegar og oft grátbroslegar aðstæður sem verða þegar ólíkum siðum og siðvenjum lýstur saman.

Í kvikmyndunum er fjallað á gamansaman hátt um samskipti þjóðabrota, innflytjenda og innfæddra í Evrópu.

Kvikmyndahátíðin er í samstarfi við Goethe-Institut í Danmörku.



BORGARBÓKASAFN REYKJAVÍKUR



Aðalsafn, Tryggvagötu 15, sími 411 6100
borgarbokasafn@borgarbokasafn.is

www.borgarbokasafn.is
www.bokvit.tumblr.com
www.bokmenntir.is - www.artotek.is

Afgreiðslutími:
Mán- fim 10-19, fös 11-18, lau-sun 13-17

Skólahreysti að hefjast!

- Nemendur úr Vesturbæ, Austurbæ og Seltjarnarnesi keppa í íþróttahúsi Breiðabliks 27. mars nk.

Mótadagskrá Skólahreysti 2014 liggur fyrir. Þessi keppni hefur vissulega sannað sig, og stöðugt fleiri skólar taka þátt, ekki síst af landsbyggðinni. Skólarnir í Reykjavík hafa verið virkir þátttakendur í þessari keppni undanfarin ár, enda hafa íþróttakennarar grunnskólanna séð hversu alhliða keppnisgreinarnar eru og hversu vel þær stæla þol og þrek krakkanna. Skólarnir úr Vesturbæ, Austurbæ og frá Seltjarnarnesi keppa í íþróttahúsi Breiðabliks í Kópavogi 27. mars nk. kl. 19:00.

Síðasta keppnisár Skólahreysti var það stærsta frá upphafi, en 134 skólar fengu boð um þátttöku og 110 svöruðu kallinu. Íþróttakennarar hafa tekið þessu framtaki fagnandi og stutt við þjálfun þeirra ungmenna sem tekið hafa þátt í keppninni, enda leggja núna flestir skólar metnað sinn í að þeirra keppendur standi sig vel á þessum vettvangi. Þess ber að geta að yfir 40 skólar bjóða núna upp á Skólahreysti sem valáfanga í íþróttum. Það er því óhætt að fullyrða að Skólahreysti er komin til að vera.

Hvað er Skólahreysti?

Skólahreysti er liðakeppni milli grunnskóla landsins. Hvert lið samanstendur af tveimur strákuðum og tveimur stelpum sem öll þurfa að vera nemendur í 9. og/eða 10. bekk síns skóla. Keppt er í eftirfarandi keppnisgreinum:

- Upphífungum (strákar)
 - Armbeygjum (stelpur)
 - Dýfum (strákar)
 - Hreystigreip (stelpur)
 - Hraðþraut (strákar og stelpur)
- Keppendur skipta á milli sín



Nemendur frá Hagaskóla voru sigurvegarar í sínum riðli árið 2012 og fóru í úrslitakeppnina.

keppnisgreinum. Annar strákurinn spreytir sig á upphífungum og dýfum meðan hinn keppir í hraðþrautinni. Hjá stelpunum er hið sama uppi á teningnum; önnur stúlkan keppir í armbeygjum og hreystigreip, en hin tekur þátt í hraðþrautinni. Tveir skólar keppa samtímis í hverri þraut fyrir utan hreystigreip, en þar takast á fimm til átta skólar í einu. Í hraðþrautinni fer stelpa fyrst af stað og þegar hún lýkur hringnum má strákurinn fara af stað í sinn hring. Samanlagður tími þeirra er keppnistími liðsins.

Leiðin í úrslitin

Þar sem mikill fjöldi skóla tekur þátt í keppninni er nauðsynlegt að viðhafa undankeppnir til að ákvarða hvaða skólar keppi í úrslitakeppninni sjálfri í lok

keppnistímabilsins. Undankeppnirnar eru 10 talsins og eru þær svæðisbundnar, þ.e. skólar frá sama landssvæði keppa innbyrðis sín á milli. Einn skóli frá hverju landssvæði öðlast þátttökurétt í úrslitunum, en tveir árangurshæstu (ekki endilega stigahæstu) skólarnir af þeim sem enda í 2. sæti í sínum riðli fá svokölluð upp-bótasæti í úrslitunum. Heildarfjöldi skóla í úrslitum Skólahreysti er því 12. Úrslitakeppnin í ár fer fram í Laugardalshöll 15. maí nk.

Skólahreysti er viðurkennd af og nýtur opinbers stuðnings menntamálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, norrænu ráðherranefndarinnar, Íþróttá & Ólympíusambands Íslands og sveitarfélaga.

Landsbankinn er nýr bakhjarl Skólahreystis.



Heilbrigt samfélag, forvarnir til framtíðar



Halldór Kristján Júlíusson.

Kvíðaröskun er ein algengasta andleg röskun barna og ungmenna. Kvíði hefur skaðleg og truflandi áhrif á getu og færni barna á mörgum sviðum. Ef ekki er brugðist við getur kvíði haft alvarleg áhrif á félags- og tilfinningaþroska til lengri tíma. Hugræn atferlismeðferð er í dag talin áhrifaríkasta aðferðin til að styðja þá sem takast á við einkenni kvíða og depurðar.

Haustið 2012 hóf þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Vesturgarður, skimun á einkennum kvíða og depurðar meðal nemenda í 9. bekk í samvinnu við Haga- og Landakotsskóla. Skóla- og frístundasvið borgarinnar gaf leyfi fyrir verkefninu og er það skráð hjá Persónuvernd. Sambærileg skimun hefur farið fram í Breiðholti undanfarin ár á vegum þjónustumiðstöðvar Breiðholts og gefið góða raun. Skimunin fer

Skimun einkenna kvíða og depurðar meðal unglunga

fram í skólunum og felst í því að ungmennin svara tveimur listum sem meta depurðareinkenni (Childrens Depressive Inventory (CDI) og Reynolds Adolescent Depression Scale (RADS)) og tveimur listum sem meta kvíða- og aðlögunarvanda (Multidimensional Anxiety Scale for Children (MASC) og Reynolds Adolescent Adjustment Screening Inventory (RAASI)). Allir þessir listar hafa verið þýddir á íslensku og aðlagðir hérlandum aðstæðum.

Niðurstöður skimunarinnar í Vesturbæ síðustu tvö ár hafa gefið sambærilegar niðurstöður og komið hafa fram í Breiðholti. Kvíða- og depurðareinkenni eru ekki óalgeng meðal unglunga í 9. bekk, en bæði árin hafa um 16% unglunga svarað yfir viðmiðunarmörkum. Nokkur kynjmunur kemur fram í niðurstöðum en stúlkur eru um þrisvar sinnum líklegri til að vera með sterk einkenni kvíða og depurðar en drengir. Þá hefur þátttaka í skimuninni verið góð en tæp 75% unglunga tóku þátt í skimuninni. Foreldrum þeirra unglunga sem svöruðu kvíða- eða dep-

urðareinkennum yfir klínískum mörkum var tilkynnt um þá niðurstöðu og veitt ráðgjöf og/eða viðtal varðandi möguleg úrræði. Þá var unglungunum boðin þátttaka á hópnámskeið á vegum Vesturgarðs. Námskeiðið heitir „Mér líður eins og ég hugsa“ og byggir á hugrænni atferlismeðferð og er unnið í samvinnu við geðsvið Landspítalans.

Á síðustu árum hefur Velferðarsvið Reykjavíkur í vaxandi mæli stutt þjónustumiðstöðvar í að halda námskeið fyrir börn og foreldra. Námskeiðin miða annars vegar að því að því að efla færni foreldra við uppeldi barna með frávík í þroska eða hegðun. Hins vegar að því að hjálpa börnum sem eru með einkenni kvíða, depurðar eða annan tilfinningavanda. Hér er um gagnreynd námskeið að ræða, þ.e. námskeið sem sýnt hefur verið fram á að skila mælanlegum árangri.

Halldór Kristján Júlíusson
deildarstjóri hjá þjónustumiðstöð Vesturbæjar



ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ VESTURBÆJAR
- Í SÍNU HVERFI

Hjarðarhaga 45-47, 107 Reykjavík
Sími 411 1700
Opin alla virka daga frá kl. 8.30 til 16.15

www.borgarblod.is



TOYOTA-þjónusta

- Gæðavottað verkstæði af Bilgreinasambandinu
- Bílaleigubíll á meðan viðgerð stendur
- Frí tjónaskoðun og föst verðtilboð
- 5 stjörnur frá Sjóvá



vörður

SJÓVÁ

Réttum og málum allar tegundir bíla

GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI

Nýbýlavegi 10 · Kópavogi · Sími 554 2510
www.bilasprautun.is

SKÓLAHREYSTI



ÁFRAM VESTURBÆR!

Skólahreysti – hreystikeppni allra grunnskóla á landinu er hafin. Grunnskólar í Reykjavík etja kappi í Skólahreysti fimmtudaginn 27. mars kl. 19:00 í Íþróttahúsinu Smáranum í Kópavogi. Það er ókeypis inn og við hvetjum alla grunnskólakrakka til að mæta. Keppnin verður svo sýnd á RÚV í apríl.



SKÓLAHREYSTI ER Í BOÐI LANDSBANKANS

 facebook.com/skolahreysti

 [#skolahreysti](https://skolahreysti)



Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs:

Viðbygging við Vesturbæjar-skóla, félagmiðstöð í spennistöð og útilaug við Sundhöllina

Fjöldmörg verkefni í Vesturbæ og miðborg hafa verið hluti af framkvæmdaátaki sem efnt var til árin 2011-14 til að auka atvinnu í Reykjavík. Sérstök áhersla hefur verið lögð á viðhald sem er mannaflsfrekt. Get göngu- og hjólastiga, endurgerð gatna í miðborginni hafa verið áberandi. Verið er að ljúka stórum viðhaldsverkefnum í Vesturbæjarlaug á þessu ári, auk þess sem bætt hefur verið við nýjum heitum potti.

Viðbygging við Vesturbæjarskóla

Á þessu ári hefst hönnun á viðbyggingu við Vesturbæjarskóla og gerir fjárfestingaráætlun borgarinnar ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í kjölfarið. Heildarkostnaður við viðbygginguna er áætlaður 500 milljónir króna. Verkefnið er aðkallandi og kallar einnig á að annað gömlu húsanna á lóð skólans verði flutt af lóð hans til að betur megi búa að skólalóðinni.

Spennistöðin opnar í haust

Við Austurbæjarskóla eru framkvæmdir í gangi við Spennistöðina. Þar verður opnað ungmennahús þar sem unglingarnir í hverfinu hafa aðstöðu, auk frístundastarfs í tengslum við skólann og

verkefni sem tengjast íbúum miðborgarinnar.

Langþráð útilaug við Sundhöllina

VA-arkitektar urðu hlutskarpastir í samkeppni um hönnun útilaugar við Sundhöllina. Verðlaunahafarnir munu fullhanna verkefnið í ár. Auglýst hefur verið breyting á deiliskipulagi sem er nauðsynlegur undanfari framkvæmda. Að loknu útboði getur jarðvinna hafist og gerir tímaáætlun ráð fyrir að það geti orðið næsta vetur. Verkefninu á að vera lokið árið 2016. Ásamt útilauginni verður gert ráð fyrir heitum pottum og leiktækjum fyrir börn. Allt úti-svæðið er í skjóli frá norðanáttum og mun njóta sólar úr suðri. Þess má geta að samhliða undirbúningi útilaugar við Sundhöllina er unnið að undirbúningi nýrrar laugar í Úlfarsárdal fyrir nýja hverfið þar og íbúa Grafarholts.

Dagur B. Eggertsson
oddviti Samfylkingarinnar
í borgarstjórn



Dagur B. Eggertsson.

Hvað er ferming?

Ég fermdist í Neskirkju haustið 1966. Við systkinin erum tvö og stutt á milli okkar. Ákveðið var að hafa eina fermingu og veislu. Systir mín er eldri og hún seinkaði sinni fermingu og ég fermdist hálfu ári á undan jafnöldrum mínum, var bara 12 ára. Við mættum á miðri leið og vorum fermd 23. október. Ég sótti því fermingarfræðslu með krökkum á undan mér í aldri og þótti skemmtilegt að kynna þeim. Þau komu úr Hagaskóla en ég úr Melaskóla. Sr. Frank M. Halldórsson lauk upp víddum trúarinnar og við lærðum fjölda sálma, Biblíuvers og fræði Lúthers og vorum ágætlega undirbúin.

En til hvers að fermast? Ég hafði heyrt að orðið ferming væri þýðing á latneska orðinu confirmatio sem kæmi svo fram í ýmsum tungumálum, confirmation á ensku, konfirmation á germönskum málum. Og merking orðanna væri að staðfesta. Já, auðvitað -ferming væri komið af firmatio og merkti að skírinn væri staðfest. Svo var ég spurður um hvort ég vildi leitast við að hafa Jesú Krist að leiðtoga lífsins. Ekkert er sjálfgefið – hvorki í trúarlegum efnum né öðru. Já með vörum og í fylgnum hugans þarf að fara saman. Það er æviverkefni að orð og afstaða séu eitt. Fermingarung-



Ferming í Neskirkju á pálmisunnudag, 5. apríl 2009. Prestarnir fremst báðu megin voru í afleysingum á þessum tíma.

menni nútímans spyrja líka gagnrýninna spurninga og skoða trúarmálin með opnum huga. Þau eru raunverulega að glíma við Guð og mennsku sína.

En ferming? Er það að fermingarungmenn segja já? Þegar ég var tólf ára í kirkjunni vissi ég að trú er ekki einhliða mál. Samband Guðs og manna er tvíhliða. Já á jörðu verður hjáróma ef ekki er mótsvar í himnesku já-i. Í fermingunni hljóma ekki aðeins já fermingarbarna heldur já, já, já Guðs. Guð staðfestir skírinn, líf barnsins, bænirnar og óskir. Við erum oft með hugann við mannheima en gleymum Guðsvíddinni. Mesta undrið í fermingunni er sama und-

rið og í skírinn. Guð gefur lífið og lofar að vera alltaf nærri. Guð svarar fermingarspurningunni ekki aðeins með fermingaryfirlýsingu: „Vertu trú(r) allt til dauða, og ég mun gefa þér kórónu lífsins.“ Guð svarar með því að gefa allt sem við þurfum til að lífa vel og með hamingju. Hvað er ferming? Já á jörðu og já á himni hljóma saman. Fermingarungmenn staðfesta lífið sem Guð gefur, staðfestir og viðheldur.

Ög nú – 48 árum eftir eigin fermingu - hlakka ég til ferminga áttatíu ungmenna í Neskirkju í apríl, að ferma og hlusta á já-in. Ferming er já fyrir lífið.

Sigurður Árni Þórðarson

Ryðvörn undir bílinn með þvottinum

„Við höfum bætt við sérstöku ryðvarnarefni sem verður sprautað undir alla bíla í undirvagnsþvotti. Þetta efni mun ryðverja bílanna að neðan sem er auðvitað gríðarlega mikilvægt í viðhaldi bíla. Ryðvörnin er nýjung hjá okkur og mér skilst að við séum fyrsta þvottastöðin sem býður upp á slíkt hér á landi,“ segir Páll Magnússon hjá Löðri en fyrirtækið býður nú upp á ryðvarnarþvott í svampþvottastöðinni á Fiskislóð 29.

„Þetta er hágæða efni sem myndar vörn á undirvagn bílsins. Efninu er sprautað undir bílinn og þá myndar það nokkurs konar filmu sem ver bílinn fyrir vatni, salti og öðrum ætandi efnum sem valda ryði og tæringu. Við verðum fyrst um sinn með þessa ryðvörn í svampþvottastöð okkar á Fiskislóðinni en munum síðan bæta þessu við á allar aðrar þvottastöðvar okkar á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Páll.

Ryðvörnin er enn ein viðbótin í flórana hjá Löðri en fyrirtækið hefur á undanförunum mánuðum boðið upp á Rain-X sem yfirborðsvörn á allan bílinn. „Rain-X er sannkallað undraefni sem verndar bílinn, hrindir óhreiningu frá, eykur útsýni og öryggi í umferðinni. Rain-X og ryðvörnin eru bara inni í línunni hjá okkur og viðskiptavinir borga bara sama verð og venjulega þegar þeir fara með bílinn í þvott hér í svampbursta-stöðinni á Fiskislóð,“ segir Páll



og bætir við að hann hafi fengið mjög góð viðbrögð frá fjölmörgum viðskiptavinum.

Fullkomnar þvottastöðvar Löðurs

Hann segir að Rain-X hjálpi líka til við að stöðva ryðmyndun og auka endingu á lakki. „Efnið stöðvar ryðmyndun á jafnvel illa förunum bílum. Það kemur vissulega ekki í staðinn fyrir lakkhúð en heldur því í skefjum og eykur endingu á lakki í raun út í hið óendanlega ef það er notað reglulega,“ segir Páll. Löður rekur sex þvottstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og þar eru alls staðar snertilausar þvottastöðvar en auk þess er hin vinsæla svampþvottastöð á Fiskislóð 29



Páll Magnússon hjá Löðri.

þar sem einnig er boðið upp á dekkjasvertu í viðbót við allt annað. Löður er með opið alla daga vikunnar, líka á sunnudögum.



Myndin er af fyrirhugaðri útisundlaug sem á að rísa við Sundhöllina.

Arnór L. Pálsson
framkvæmdastjóri

Ísleifur Jónsson
útfararstjóri

Frímenn Andresson
útfararþjónusta

Jón Bjarnason
útfararþjónusta

REYNSLA · UMHYGGJA · TRAUST

Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta

Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta

Þorsteinn Elíasson
útfararþjónusta

Ellert Ingason
útfararþjónusta

ÞEGAR ANDLÁT BER AÐ HÖNDUM

Önnumst alla þætti útfararinnar

ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

Eru tryggingarnar þínar í lagi?

Kristinn Rúnar Kjartansson
kristinnk@vis.is
Sími 560 5155 | GSM 820 0762

Byð faglega tryggingaráðgjöf og tilboð í tryggingar fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Það er mikilvægt að tryggingarnar séu í takt við þarfir þínar eða fyrirtækis þíns hverju sinni.

Hafðu samband og ég fer yfir málin með þér.

VÍS – þar sem tryggingar snúast um fólk

KR mætir Snæfelli í kvöld í fyrsta leiknum í úrslitakeppninni í körfu

KR-ingar urðu deildarmeistarar í Dominosdeild karla í körfubolta en þeir unnu Hauka í síðustu umferðinni í deildarkeppninni. KR-ingar mæta Snæfelli frá Stykkishólmi í 8-liða úrslitunum úrslitakeppinnar en það þarf þrjá sigra til að komast í undanúrslit. Snæfell varð í 8. sæti deildarinnar. Fyrsti leikur liðanna er í kvöld kl. 19:15 í Frostaskjólinu. Aðrar viðureignir eru Keflavík : Stjarnan, Grindavík : Þór Þorlákshöfn og Njarðvík : Haukar.

Deildarmeistarar KR áttu besta þjálfarann, mesta dugnaðarforkinn og tvo leikmenn af fimm í úrvalsliði seinni hluta leiktíðarinnar í Dominos-deildinni í körfuknattleik þegar viðurkenningarnar voru veittar. Finnur Freyr Stefánsson þjálfari KR-inga var valinn besti þjálfari í likt og eftir fyrri hluta tímaþilsins, og það sama gildi um Darra Hilmarsson sem var aftur valinn mesti dugnaðarforkurinn. Þá var Sigmundur Herbertsson einnig valinn besti dómari í likt



Frá leik KR-inga fyrir í vetur. KR-vélin hefur vart hikstaði í vetur.

og í fyrri hlutanum. Úrvalsliðið skipa KR-ingarnir Pavel Ermolinskij, sem var valinn bestur, og Martin Hermannsson, ásamt

Sigurði Þorsteinssyni úr Grindavík, Michael Craion úr Keflavík og Ragnari Nathanaelssyni úr Þór Þorlákshöfn.

KR-ingar byrja vel í Lengjubíkar karla

KR-ingar hafa leikið fjóra leiki í Lengjubíkarkeppninni í knattspyrnu, tapað fyrir Fram 3:4 og svo virðist sem fyrrum leikmaður og fyrirliði KR, Bjarni Guðjónsson þjálfari Fram hafi eitthvað tak á sínu gamla félagi. KR-ingar hafa hins vegar unnið Keflavík 2:1, Aftureldingu 2:1 og Skagamenn 3:0 og mæta Breiðabliki í næsta leik á laugardaginn í Fífunni í Kópavogi.

Íslandsmótið í knattspyrnu, PEPSI-deild karla, hefst 4. maí nk. en þá leikur KR á heimavelli gegn Val. Síðan leikur KR á Kópavogsvelli gegn Breiðabliki 8. maí. Viðbúðið er að hörðustu knattspyrnuáhugamenn séu farnir að bíða óþolinmóðir eftir að Íslandsmótið hefjist, en þeir verða að sýna þolinmæði í tæpa tvo mánuði.



Frá leik KR í bikarúrslitaleik Reykjavíkurmótsins gegn Fram.

Fyrsta deild karla í knattspyrnu:

KV leikur í Egilshöll í stað Vesturbæjar

Öll liðin 24 sem áttu rétt á þátttöku í efstu deildunum tveimur á Íslandsmóti karla í knattspyrnu í sumar hafa fengið úthlutað leyfum frá leyfisráði KSÍ.

Stærsta spurningin var hvort Knattspyrnufélag Vesturbæjar, KV, fengi grænt ljós frá leyfisráðinu á að leika í 1. deild í sumar, næst efstu deild, og nú hefur það fengið staðfest að KV fær að spila í 1. deildinni. Aðeins liðin í úrvalsdeild og 1. deild þurfa að gangast undir leyfiskerfi KSÍ þar sem liðin þurfa að framvísa réttu bókhaldi, standast kröfur um mannvirki, menntun þjálfara og yngri flokka starf svo fátt eitt sé nefnt.

Einn sjötti leikja innandyra

KV hefur verið í aðlögun til að uppfylla kröfur um yngri flokka starf. Athugasemdir leyfisráðs sneru fyrst og fremst að heimavelli KV sem stenst ekki kröfur



KV fagna sæti í 1. deild sl. haust.

leyfisráðsins. Í stað þess að spila á gervigrasvelli KR í sumar þarf KV að spila heimaleiki sína í Egilshöll. Þegar var orðið ljóst að HK myndi spila sína heimaleiki í sumar innandyra í Kórnum. Þannig ef að líkum lætur verða 22 leikir 1. deildar í sumar leiknir innandyra,

eða einn sjötti leikja deildarinnar. Páll Kristjánsson segir það hafa verið vonbrigði að fá ekki að spila heimaleikina í Vesturbænum en auðvitað léttir að hafa fengið keppnisleyfið.

KR-SÍÐAN



Handbolti:

Sigursælar stúlkur í 6. flokki kvenna hjá KR



Stelpurnar voru að vonum ánægðar með sigurinn í 2. deildinni.

Stúlkurnar í 6. flokki kvenna í handbolta hjá KR unnu fyrir skemmstu 2. deildina í þeirra aldursflokki og leika því í næsta móti (turneringu) í 1. deild. Það mót fer fram í aprílmánuði.

Nágrannaslagur

Á morgun, föstudag, leikur

meistaraflokkur karla í 1. deildinni við nágrannana í Gróttu og fer leikurinn fram í Frostaskjólinu. Liðið hefur verið að sækja sig í vetur og er um miðja deild. Síðasti leikurinn var gegn Selfossi sem tapaðist með einu marki, 21:22. Markahæstur í þeim leik var Haraldur Þorvarðarson með 9 mörk.



www.kr.is



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud og Miðvikud.
12:00 til 15:00

Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30

Föstudaga
13:00 til 19:30

Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00



GETRAUNANÚMER
KR ER 107

Reykjavíkur Apótek



Í tilefni þess að Reykjavíkur Apótek verður **5 ára þann 21. mars** munu allar vörur verða á **20% afslætti** fyrir utan lyf, dagana **20.-29. mars**.

Þar kennir margra grasa, fjölbreytt úrval heilsuvara, bað- og ilmvara, gjafavara auk ýmissa annarra góðra kosta.

Við bjóðum alla velkomna til þess að fagna með okkur og njóta góðra kjara.



Afgreiðslutími:

9-18:30 virka daga
10-16:00 laugardaga

Reykjavíkur  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is